

## 12. Áætlanir

### 12.1. Jafnréttisáætlun leikskólans Álfasteins



Leikskólinn Álfasteinn  
Háholti 17  
220 Hafnarfjörður  
sími 555-6155  
fax 555-6156

#### **Jafnréttisáætlun leikskólans Álfasteins**

Stefna leikskólans Álfasteins er að leitast við að hafa jafnréttissjónarmiðið að leiðarljósi þannig að allir fái að njóta sín og þess mannaúðs sem býr í hverjum og einum. Tekið skal tillit til jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótunarvinnu skólans þannig að unnið sé gegn viðhorfum sem geta leitt til aðstöðumunar vegna kyns, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar. Skólinn leitast við að veita báðum kynjum sömu tækifæri til áhrifa og þátttöku í skólastarfinu með áherslu á góðan starfsanda, samkennd, vináttu og samskipti þar sem borin er virðing fyrir einstaklingnum.

#### **Stefnumið**

- Að stuðla að jafnri stöðu beggja kynja í skólanum.
- Að fjölga körlum sem starfa í leikskólanum þannig að einn karlmaður starfi á hverri deild.
- Að leggja áherslu á jafnréttissjónarmiðið þegar auglýst er eftir starfsfólki þannig að bæði karlar og konur séu hvött til að sækja um starfið.
- Að í starfslýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans og jafnréttisstefnu Hafnarfjarbæjar.

- Að leggja áherslu á að starfsmenn séu meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.
- Að stuðla að því að jafnréttisáætlunin sé sýnileg og virk í framkvæmd.
- Að konur og karlar sem vinna sambærileg störf í skólanum njóti sömu möguleika til launa, starfsþjálfunar og endurmenntunnar.
- Að starfsfólk hafi tækifæri til að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og að gott jafnvægi sé þar á milli.

### **Leiðir**

Leitast verður við að jafnréttisáætlun skólans stuðli að jafnri stöðu kynja í skólanum og þessi mál verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu.

Leitast verður eftir að auka hlut karla í starfsmannahópnum með því að vekja athygli þeirra á störfum hjá leikskólanum í atvinnuauglýsingum. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið. Leggja skal rækt við að sjónarmið karla séu jafngild í allri faglegri umræðu skólans.

Leitast verður við að auka þekkingu og meðvitund starfsfólks um jafnréttismál m.a. með umræðum á starfsmannafundum, með aðgengilegum upplýsingum og með fræðslu.

Leitast verður við í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni starfsfólks að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis.

Leitast verður við í gerð símenntunaráætlunar að kynjum sé ekki mismunað. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál.

Óskir starfsfólks um sveigjanleika í starfi verði metnar eftir aðstæðum hverju sinni. Áhersla er á góða líðan starfsfólks í leikskólanum. Allt starfsfólk á rétt á að komið sé fram við það af virðingu og það sæti ekki áreitni af neinu tagi.

### **Hlutverk og verkefni jafnréttisteymis**

*Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum skipa jafnréttisteymi skólans.*

*Teymið vinnur að þeim markmiðum sem sett eru fram í áætluninni og þeim verkefnum sem teyminu eru falin.*